

REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

- a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi öikumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um öikumæla, með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 2000	569	9400 — 9599	1.873
2000 — 2199	598	9600 — 9799	1.907
2200 — 2399	632	9800 — 9999	1.941
2400 — 2599	662	10000 — 10199	1.975
2600 — 2799	690	10200 — 10399	2.014
2800 — 2999	727	10400 — 10599	2.046
3000 — 3199	757	10600 — 10799	2.083
3200 — 3399	790	10800 — 10999	2.117
3400 — 3599	824	11000 — 11199	2.152
3600 — 3799	854	11200 — 11399	2.190
3800 — 3999	891	11400 — 11599	2.223
4000 — 4199	925	11600 — 11799	2.260
4200 — 4399	959	11800 — 11999	2.291
4400 — 4599	996	12000 — 12199	2.446
4600 — 4799	1.037	12200 — 12399	2.516
4800 — 4999	1.067	12400 — 12599	2.553
5000 — 5199	1.099	12600 — 12799	2.587
5200 — 5399	1.136	12800 — 12999	2.627
5400 — 5599	1.173	13000 — 13199	2.765
5600 — 5799	1.205	13200 — 13399	2.802
5800 — 5999	1.238	13400 — 13599	2.842
6000 — 6199	1.278	13600 — 13799	2.880
6200 — 6399	1.312	13800 — 13999	2.921
6400 — 6599	1.346	14000 — 14199	3.118
6600 — 6799	1.380	14200 — 14399	3.156
6800 — 6999	1.417	14400 — 14599	3.199
7000 — 7199	1.453	14600 — 14799	3.237
7200 — 7399	1.486	14800 — 14999	3.280
7400 — 7599	1.518	15000 — 15199	3.410
7600 — 7799	1.556	15200 — 15399	3.454
7800 — 7999	1.591	15400 — 15599	3.491
8000 — 8199	1.628	15600 — 15799	3.535
8200 — 8399	1.662	15800 — 15999	3.579
8400 — 8599	1.696	16000 — 16199	3.680
8600 — 8799	1.733	16200 — 16399	3.727
8800 — 8999	1.767	16400 — 16599	3.769
9000 — 9199	1.803	16600 — 16799	3.812
9200 — 9399	1.836	16800 — 16999	3.852

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 47 kr. fyrir hver 200 kg eða minna sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg.

Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki með viðhlítandi öikumælisbúnaði, sbr. b—lið þessarar greinar.

- a) Af bifreiðum, sem eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og eru með viðhlítandi öikumælisbúnaði, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um öikumæla, skal greiða þungaskatt skv. ákvæðum c-liðs 3. gr. reglugerðar nr. 485/1984, um innheimtu bifreiðagjalda o.fl., með síðari breytingum. Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir með viðhlítandi öikumælisbúnaði.

2. gr.

Þungaskatt samkvæmt a-lið 1. gr. skal greiða við komu bifreiðar til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma sem áformað er að bifreið verði hérlendis, reiknaðan í heilum vikum. Telst brot úr viku heil vika í þessu sambandi, sbr. 1. gr.

Komi í ljós við brottflutning gjaldskyldrar bifreiðar samkvæmt a-lið 1. gr. að verutími hennar hérlendis hefur verið van- eða ofátlaður skal eftir atvikum innheimta vangoldinn eða endurgreiða ofheimtan þungaskatt af þeim sökum. Hafi verutími verið vanátlaður um meira en nemur 4 vikum skal innheimta dráttarvexti af þeim þungaskatti sem ógreiddur er vegna vanáætlunar. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

Við komu bifreiðar til landsins, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skulu viðkomandi toll- eða löggæslumenn ganga úr skugga um að öikumælir hennar sé virkur og innsiglaður á þann hátt sem kveðið er á um í reglugerð nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Uppfylli öikumælisbúnaður að mati toll- eða löggæslumanns þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar skal hann skrá stöðu mælis og númer mælis í akstursbók, sem afhenda skal umráðamanni bifreiðarinnar. Jafnframt skal skrá þessar upplýsingar í sérstaka skrá, sem viðkomandi innheimtumaður skal halda um þessar bifreiðar.

Við brottflutning bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skal toll- eða löggæslumaður lesa á öikumæli hennar og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Skattinn skal greiða hjá viðkomandi innheimtumanni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 4. gr.

Ef bifreið, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., er staðsett hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn skulu ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 485/1984, um innheimtu bifreiðagjalda o.fl., gilda um álestur og innheimtu þungaskatts af henni.

4. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viðurlög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 485/1985, um innheimtu bifreiðagjalda o.fl., með síðari breytingum og reglugerðar nr. 62/1977, um öikumæla, með síðari breytingum.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts fyrir hönd viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 158 23. mars 1984 um sama efni felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. maí 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ**um eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum til
útflyttings og vinnslu innanlands.****I. KAFLI****Lágmarksákvæði um aðbúnað og áhöld til framleiðslu á söltuðum grásleppuhrognum.**

1. gr.

Ríkismat sjávarafurða annast eftirlit og mat á söltuðum grásleppuhrognum og gefur út vinnsluleyfi til framleiðenda í byrjun hvers veiðitímabils.

Húsnæði, áhöld og hreinlætisbúnaður við verkun á grásleppuhrognum skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 177 30. apríl 1985 um búnað og hreinlæti í fiskvinnslustöðvum, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Grásleppuhrogn skal salta í nýjar og hreinar tunnur sem Ríkismat sjávarafurða samþykkir.

II. KAFLI**Um meðferð hráefnis, söltun og geymslu á grásleppuhrognum.**

3. gr.

Hrogn skulu geymd í luktum ílátum allt frá því er slæging er framkvæmd þar til vinnsla hefst.

4. gr.

Grásleppuhrogn skulu himnuhreinsuð eins fljótt og auðið er. Sigtun hroгна skal ekki taka meira en 12 klukkustundir. Salt og rotvarnarefni skal vigta og hræra vel saman fyrir söltun. Hrognin skal vigta og blanda saman við salt og rotvarnarefni áður en þau eru sett í tunnur. Til að tryggja eðlilega rotvörn og rétta vigt skal fylgja nákvæmlega fyrirmælum Ríkismats sjávarafurða um hrognmagn, saltmagn og rotvarnarefni í hverja framleiðslueiningu (tunnu).

5. gr.

Að söltun lokinni skulu líða 24 klukkustundir þar til þæklun fer fram og tunnum lokað. Tryggja skal að hrognin þrýstist vel niður í tunnuna og þækill fljóti upp.